

Maðurinn fram í dagsljósið

Mannfræðilegar forsendur trúariðkunar¹

1. Að koma fram í dagsljósið, komast til líðandi stundar, lifa lífinu

Þegar talað er um að eitthvað komi fram í dagsljósið eða birtist, annaðhvort í daglegu tali eða í vísindum, þá snýst það um eitthvað sem er fyrir hendi, einhvers staðar og einhvern veginn, en það hefur ekki verið sýnilegt áður. Sá eða það sem birtist kemur óvænt úr leynum í eigin sannleika og eigin kröfu *til að vera eitthvað*, skiptir skyndilega máli og verður óaðskiljanlegur hluti af líðandi stund.

Þegar sagt er frá einhverju í bókmenntum eða eitthvað er sýnt í kvikmyndum þar sem ákveðin persóna kemur fram í dagsljósið, persóna sem var annaðhvort týnd, óþekkt áður eða jafnvel misskilin eða henni verið afneitað, þá er því svipað farið: prinsessur, skuldarar, týndir, þeir sem taldir eru af, menn í hefndarhug, frelsarar o.s.frv. — Þetta fólk kemur skyndilega út úr skugganum og sýnir sitt rétta eðli, birtist á sviðinu og setur söguþráðinn í nýtt samhengi.² Þá vekur þetta fólk ósjaldan þá hugsun að það sjálft sé einnig talsvert undrandi á því sem er að gerast. Þannig endurkomuatvik hins eiginlega eða einhvers sem er að birtast í fyrsta sinn í réttu samhengi gerist í þrem þrepum:

- Oft hefst þetta ferli þannig (1. þrep) að fólk (fólk eins og við) upplifir eitthvað óvænt í eigin, persónulega heimi. Það er vegna þess að það skynjar eitthvað, fær upplýsingar, verður fyrir truflun eða lendir í átökum, oft að því er virðist „bara þannig“, og verður undrandi á eigin hugsunum, hugmyndum, orðum og samúð af hálfu þeirra sem þeir áttu ekki von á að tilheyra.
- Ef maður kemur fram sem „eitthvað ákveðið“, stöðvast sjálfsskynjun ekki við þetta. Þá reynir maður fyrr eða síðar (2. þrep) að átta sig á því hvað gerst hefur. Auk þess verður maður þá til dæmis að fást við flóknar tilfinningar, óskir og framtíðarvæntingar ásamt hugsanlegum ákvörðunum og afleiðingum þeirra til þess að skýra það sem maður vill eiginlega, til þess að finna út hvað þeim manni heyrir til sem hann er orðinn, skýra þann sjálfsskilning sem hann virðist vera að þróast til. Um þetta veit umhverfið afar lítið.
- Það sem gerist þá á 3. stigi ferlisins: Þegar persónur fá ákveðinn sjálfsskilning ganga þær fram á ákveðinn hátt og í ákveðnu hlutverki. Þær starfa *út frá ákveðnum sjálfsskilningi* af því að þær „verða“ eitthvað, nánar tiltekið, af því að þær vilja það.

¹ Erindi flutt á predikunarseminari í Skálholti, 25. október 2016. Erindið heitir á frummálinu „Als Mensch zum Vorschein kommen. Anthropologische Implikationen religiöser Praxis.“ Gunnar Kristjánsson þýddi úr þýsku.

² Þessi frásagnarmynstur er að finna í mörgum stórum frásögnum, ævintýraskáldsögum og í alþjóðlegri kvikmyndasögu af þeirri ástæðu að þar endurspeglast mannleg nauðsyn, þ.e.a.s. grunnhvati í mannlegri tilvist sem allt frá Móse til Greifans af Monte Cristo og allt til þeirra óvæntu persónulegu „opinberana“ sem birtast í skáldsögum Theodórs Fontanes. Grimmsbræður bjóða upp á litrík dæmi um hvað það merkir að birtast í ákveðnu hlutverki. Sjá *Deutsches Wörterbuch* eftir Jacob Grimm og Wilhelm Grimm, Leipzig og Mannheim, 1995, bls. 26, dálkur 1453.

Það kostar vinnu. „En hvað það væri gott“, ritar Martin Walser í Bodenvatnsskaldsögu sinni, „ef maður gæti aðlagast öllu. Standa ekki fyrir neinu. Vera ekki neitt sérstakt. Það væri samræmi. [...] Ég-leysi. [...] En nei annars, maður verður alltaf að láta eins og maður sé einhver sérstök manneskja.“³ Þannig er það — og það er samt ekki allt og sumt: Þegar við vegum og metum eitt og annað í lífi okkar til þess að geta tekið þessa eða hina ákvörðunina, viljað þetta eða hitt, gert eitt eða annað, þá *látum* við ekki einungis eins og við *verum* „þessi eða hinn“. Við *verðum* þessi eða hin manneskjan.

2. Að geta verið maður og lifað. Um lífsleiknivíddina

Það sem gerist í skaldsögum, ævintýrum og biblíusögum, þar sem menn öðlast ákveðna sjálfsmynd og koma þannig fram á vettvang sögunnar í frásögninni, gerist í breyttri mynd í lífi hverrar manneskju. Aðstæður á þeim degi þegar við fæddumst voru eins og þær voru — þær ákvarða ekki hver við verðum. Hvert og eitt okkar stendur frammi fyrir *þeirri áskorun sem felst í þeim ákveðnu aðstæðum að lifa lífi sem aldrei hefur verið lifað áður*, þar sem við verðum ákveðin manneskja sem kemur fram á sjónarsviðið. Fyrir þessa framvindu er það ekki án þýðingar

- hvort maður stillir sig inn á eigin framtíð með því að láta leiðast af óskum og væntingum sem eru í eðli sínu opnar,
- hvort maður getur sagt það sem maður vill, hvaða ástæður maður hefur fyrir því og tekur í því efni mið af eigin vilja,
- hvort maður hefur tekið þá ákvörðun að lifa í samræmi við eigin sannfæringu til þess að njóta lífsins og geta skynjað frelsið,
- hvort maður kann og vill gefa ástinni til annarra rými og lítur á það sem grundvallar-afstöðu, og er sér þess meðvitandi að maður er einnig háður umhyggju annarra,
- hvort maður er sáttur við sjálfan sig og áttar sig á sjálfselsku — eða hvort ekkert af þessu á við.

Þá standa okkur ekki aðeins grundvallarþættir mennsku okkar fyrir sjónum heldur einnig meginþættirnir í *ars vitae*, þeirri list sem nefnist lífið. *Að vera manneskja og að kunna að lifa* tengist órofa böndum.⁴ Sem manneskja sem kemur fram á sviðið merkir einnig *nolens volens* [hvort sem maður vill eða ekki] að iðka listina sem nefnist líf. Þar snýst málið ekki um auka-ég, séraðstöðu mennskunnar í menningu velgengninnar sem maður lætur sér þá fyrst annt um þegar maður þarf ekki að glíma við nein önnur vandamál, heldur setur hugtakið lífskúnst þá einföldu staðreynd á oddinn að *sérhvert okkar þarf að takast á við lífið hverja stund*, af því að hver og einn er viðfang eigin lífs og í því hlutverki getur enginn komið í staðinn fyrir mann sjálfan.

Sem viðfang erum við — eins og hugtakið (þ. *Subjekt*) felur í sér — háð aðstæðum og þess vegna að því leyti ofurseld þeim, þegar þær mæta okkur sem viðfangsefni (þ. *Objekt*). Við verðum að mæta hlutunum *eins og þeir eru*. En hvað út úr því kemur, *hver við verðum í þeim samskiptum*, er opið. Í *subjekt*-hugtakinu skipta báðir þættir máli: bæði að okkur er *varpað inn á vettvanginn og þurfum að tengjast því* sem er þar fyrir hendi sem einhverju óhjákvæmilegu; undir þeim kringumstæðum verðum við *að lifa eigin lífi og verða eitthvað ákveðið*. Kjarni málsins

³ Martin Walser, *Heimatlob: Ein Bodensee-Buch*. Með myndum eftir André Ficus, Friedrichshafen: Insel Verlag, 1982, bls. 13.

⁴ Um grunnþættina í lífslistinni, um hugtakaskýringar og kerfisbundnar greiningar á lífskúnstinni, sjá: *WZM*, 58:1/2006, bls. 28–48, einkum 28–32.

er sá að við verðum að mæta áskoruninni um að lifa lífinu sem *okkar lífi, eins og það tilheyrir okkur og að því leyti mótsagnalaus lífi sem við berum ábyrgð á*.⁵

Ef til vill er mikilvægasti mælikvarðinn á heppnað líf ekki snjallar hugmyndir um það sem við höfum úr að spila, ekki járnharður vilji, ekki hinn vafasami orðstír að vera laus við að láta aðra hafa áhrif á sig eða að búa yfir snilligáfu til að koma vilja sínum fram í samskiptum við aðra. Sá sem hefur aðeins *eitthvað* af þessu kann ekkert. Óhjákvæmilegt fyrir heppnað líf og ástríðufulla lífstilfinningu, sem við nefnum einnig hamingju, er *að upplifa mótsagnaleysi* sem og samhæfingu og samhengi milli þess sem við teljum eftirsóknarvert og skynsamlegt og svo þess sem við segjum já eða nei við, sem við viljum nálgast — og þeirri breytni þar sem við finnum okkur sjálf að lokum. Tilgangur lífsins týnist fólki ekki hvað síst vegna þess að rifur og sprungur myndast í þessu samhengi.

Lífskúnnst á sem sagt ekkert skylt með því að maður hafi náð sem mestri velgengni í eigin lífi þar sem ekkert fer úrskeiðis og engin veikindi eru, hún á ekkert skylt með því að vera fyrsta flokks eða meistari í að gera áætlanir. Þvert á móti, það að bíða skipbrot, misheppnast, þurfa að breyta áætlunum, verða á að gera villur, þurfa að gefa áætlanir sínar upp á bátinn, missa þolinmæðina, ákveða að velja það sem skárri er af tvennu illu — allt þetta getur verið hluti af lífskúnnstinni, af því að vera á leiðinni, vera ráðvilltur hvað varðar mikilvægar ákvarðanir, án þess að þeirri spurningu sé nokkru sinni ofaukið *hver við viljum vera andspánis þessu*, hvaða óskum við köstum frá okkur, hvernig við forgangsöröðum hlutunum — og hvernig morgundagurinn muni líta út. Að við getum ekki svarað þessum spurningum eins og skotið væri úr byssu eða að það sem við vildum einhvern tíma er skyndilega ekki í samræmi við það sem við viljum, hefur ekkert gildi lengur, það sýnir að við erum (einu sinni enn) á leiðinni — án þess að geta sagt hvað við kjósum helst. Þetta er inntakið í frelsinu.⁶ Að hafa tekið ákvörðun, tekið stórt skref, sem hefur enn á ný breytt okkur á einhvern hátt, sýnir okkur að við erum ekki stöðnuð í þroskaferlinu, að framtíðin er okkur opin.

Sú reynsla að ástæður, sem maður lagði mikið upp úr áður, missa gildi sitt og gefa tilefni til að skoða á nýjan leik hver maður er og á hvaða leið maður er, er samt í eðli sínu önnur en sú að upplifa sjálfan sig sem eitthvað framandi og sjá enga ástæðu til að takast á við spurninguna um hvað maður vilji.

3. Að vera maður og trúður. Um vídd trúarinnar

Fyrir þema okkar,⁷ þ.e.a.s. til þess að halda okkur við vandamálið sem ég er að fjalla um, er mikilvægt að hafa í huga að kristindómurinn á *einnig* erindi við mennsku mannsins *út frá sjónarborni lífskúnnstarinnar*. Hvort maður getur nú á tímum mælt með þeirri guðfræði sem mætir okkur í kristnum kirkjum í Þýskalandi og þeirri trúarmenningu sem þar mætir heiminum, fer um þessar mundir, að minni skoðun, meira eftir því hvort mennska mannsins

⁵ Af ýmsum ástæðum, sem höfðu í för með sér aukið bil á milli guðfræði og heimspeki eftir fyrri heimsstyrjöldina, hvarf vídd lífsleikinnar varanlega úr praktískri guðfræðilegri umræðu um líf á grunni trúarinnar. Mér virðist það brýnna en nokkru sinni að tengja þetta efni guðfræðilegri umræðu. Um guðfræðilegar forsendur fyrir henni, svo og áfangastadi og leiðir í þessu efni, sjá: Wilfried Engemann, „Die Lebenskunst und das Evangelium: Über eine zentrale Aufgabe kirchlichen Handelns und deren Herausforderung für die Praktische Theologie“, *ThLZ*, 129:9/2004, bls. 875–896; einnig, sami höfundur, „Lebenskunst als Beratungsziel: Zur Bedeutung der Praktischen Philosophie für die Seelsorge der Gegenwart“, ritstj. Michael Böhme o.fl., *Entwickeltes Leben: Neue Herausforderungen für die Seelsorge, FS für Jürgen Ziemer*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2002, bls. 95–125.

⁶ Sjá Wilfried Engemann, *Aneignung der Freiheit: Essays zur christlichen Lebenskunst*, Stuttgart: Kreuz Verlag, 2007, bls. 46 o.á.

⁷ Sjá nmgr. 2.

sé þar ekki aðeins virt heldur hvort kirkjan hefur eitthvað fram að færa til þess hvernig unnið er í því að einstaklingurinn komist í eigin lífi fram í sviðsljósið; ekki sem „ofurmenni“, ekki sem „hlýðnismenni“ sem fyrirliður sjálfan sig, heldur þannig að hann kunni að lifa við eigin virðingu, með því dálæti á frelsi og ást sem Guð hefur gefið okkur,⁸ með eigin ástríðu til að lifa.

Andspænis trúarhugtakinu, sem mörgum finnst vera orðið óljóst, annars vegar, og margvíslegum birtingarmyndum þess í greinum hugvísindanna hins vegar, birtist það mér þannig að sá flötur sem hér hefur verið fjallað um að framan — „að vera manneskja og kunna að lifa“ — sé ekki beint í forgrunni umræðna um hlutverk trúariðkunar. Það sem málið snýst um þegar fólk skýrir út fyrirbærið „trú“ (þ. *Religion*) er það að fólk telur sig ekki hafa tekið á sig neinar skyldur með trúnni varðandi það að það þurfi að uppfylla ákveðin fyrirframgefin fyrirmæli um framkvæmdir helgisíða, væntanlega af því að því þykir það of mikil fyrirhöfn til að viðhalda tengslum við Guð.⁹ Í þessu sambandi eru svo hugtakaflokkar hins heilaga, hins handanlæga og hins algjöra teknir fyrir svo að maðurinn tekur á sig skyldur, eitthvað þvingandi, harðneskjulegt, óhjákvæmilegt og sem algengt er að birtist í hinum trúarlega praxis sem helgihaldsstress.¹⁰ Þetta tengist ekki síst því að fólk er látið aðhyllast afstöðu og vinna verk sem — taki það þau trúariðkunarform gild sem viðtekin eru — færir það „yfir manneskjuna og út fyrir hana“ og komi manningnum á það tilvistarþrep þar sem hans biður betri heimur en annars býðst.

Hvers vegna eru manneskjurnar, allt frá upphafi sögu, trúaðar? Fólk er trúað vegna eigin lífs, þ.e.a.s. það er í eðli sínu trúað sjálfs sín vegna, einnig þótt oft kunni að líta svo út að það sé það guðanna vegna. Viðhorfssögulegur frummælikvarði (þ. *Urkriterium*) á trú er að hún þjóni lífinu. Trúarmenning verður til og þróast sem vopn í baráttu mannsins til að vernda lífið og hún leiðir líf hópa og einstaklinga. Hvað svo er í einstökum tilvikum talið „lífsþjónandi“ og trúarsamfélaginu til gagns og hvað ekki, tengist að verulegu leyti því hvernig lítið er á hugmyndir um lífið, um heiminn og um einstaklinginn sjálfan. Í þessu efni skilur á milli trúarbragðanna. Samt bera flest þeirra sömu einkenni, sem sýna þörfina fyrir trú sem varðveitir orkulind fyrir líf og breytni. Þessi einkenni eru einkum:

1. Reynsla sem fullvissar manningur um að hann sé ekki sá lægsti í valdastiga. Menn reyna t.d. ekki að afstýra ógnunum frá æðra veldi heldur ráða við aðför af hálfu þess í eigin þágu.
2. Trúariðkun felur í sér ýmiss konar tækni og þrennukerfi (þ. *Triangulierung*): þar er í fyrsta lagi einstaklingurinn og í öðru lagi hlutir, heimurinn sem summa fyrirframgefinna aðstæðna sem mynda kjarnann í „aðstæðum“ mannsins. Í stað þess að eiga beint samband við heiminn og koma framan að hlutunum, án milligöngu, fara menn um þriðja aðila, sýndarafstillingu, þ.e.a.s. Guð. Við tiltekna aðstæður, þegar ekkert gengur eins og það á að ganga, grípa menn til trúariðkunar sem samhæfir allt á ný, þrennukerfi samsett úr mynstrum sem vísa til hugmynda, samskipta og breytni, þar sem þeir eru sannfærðir um að þeir nái aftur stjórn á lífinu.

⁸ Þessi skírskotun til guðsmynda mannsins (Mennirnir „líkjast“ Guði einmitt þegar horft er á tilfinningar eins og frelsi og ást): um það efni hef ég fjallað á öðrum vettvangi og fjallað um ítarlegar á mannfræðilegan hátt: Sjá t.d. Wilfried Engemann, „Vom Umgang mit Menschen im Gottesdienst. Probleme der impliziten liturgischen Anthropologie“, *EvTh*, 72:2/2012, bls. 101–117, hér 115–117.

⁹ Um trúarhugtakið (þ. *Religionsbegriff*) sjá Wilfried Engemann, „Lebensgefühl und Glaubenskultur: Menschsein als Vorgabe und Zweck der religiösen Praxis des Christentums“, *Wege zum Menschen* 65/2013, bls. 218–237, hér 222–228.

¹⁰ Um þetta þekktu vandamál, sem mætir okkur iðulega einnig í góðum lútherskum guðsþjónustum, sjá Wilfried Engemann, sbr. tilv. að ofan, 109–114. Um raunveruleikahugtakið (þ. *Kategorie der Virtualität*) í guðfræðilegu og trúarlegu samhengi sjá: Ilona Nord, *Realitäten des Glaubens: Zur virtuellen Dimension christlicher Religiosität*, Berlín: der Gruyter, 2008.

3. En það er ekki aðeins litrófið, það sem maður skilur sem „fyrirframgefnar aðstæður“, sem breytist, heldur gerist eitt og annað við inngrip trúariðkunarinnar, við bætist eigið svigrúm hins trúarlega. Að greina svigrúmið sem myndast við trúariðkunina, lifa í því og uppfylla, er eitt og hið sama og að lifa við áskorunina sem lífið er. Það er svigrúm sem getur skaðast, staðnað eða glatast.
4. Í þessu ljósi er það skiljanlegt að trúarbrögðin setja ávallt fram (fyrirframgefin) skilyrði fyrir mennskunni annars vegar og það svigrúm (sem ekki er fyrirframgefið) sem fyrir hendi er. Skilyrði eigin lífs og eigin svigrúm þess getur maður vanmetið ekki síður en ofmetið. Við vanmetum það ef við gleymum „opnum himninum yfir okkur“, og við ofmetum það ef við tökum ekki mark á eða virðum okkar eigin takmörk.¹¹ Hugtök og flokkun hafa með þessu móti sérstakt vægi í trúariðkuninni almennt þar sem mannum eru mörkuð tilvistarskilyrði og svigrúm, þeim er lýst og þau metin: lengd mannsævinnar, gildi hins liðna fyrir liðandi stund og liðandi stundar fyrir framtíðina, reynsla af því sem setur takmörk, eins og sársauki, veikindi, dauði og margt fleira.

Trúarbrögðin eru leið til þess að lifa heppnuðu lífi og þau hafa hvert um sig sín hugtök um það, hugtök sem ná til þrjúþættingar mannsins og sem þróast við að maðurinn er sér meðvitaður um hann hafi svigrúm og beri ábyrgð á því svigrúmi og þetta er sett fram sem sáttmáli. Það kemur fram í heimildum um þau, í innihaldi og formi trúarlegra samskipta, í helgisíðum, boðorðum og sögum.

Kristin trú birtist okkur aðeins sem *lífstrúarbrögð*. Hún ákvarðast — án þess að hér sé raðað eftir mikilvægi — (1) af lífsvitund gyðing-kristinnar trúarhefðar sem nærast af heild sem mynduð er úr reynslu, sannfæringu og innsæi, og hefur markað spor sín í frásagnir, sögur, líkingar og myndir Gamla og Nýja testamentisins. Þessi vitund er „lífsvitund“ eins og sérhver trúarleg afstaða, handleiðsla, iðkun, seremoníur, siðir o.s.frv. sem hafa engan tilgang í sjálfum sér heldur eiga að þjóna lífskunst mannsins.

Það á einnig við (2) um heildarmynd trúarinnar, um *lífstrúna*, sem kristindómurinn setur á oddinn bæði leynt og ljóst. Allt þjónar það styrkingu trúarinnar sem hjálpar til við að lifa og lifa af. Það sem Jesús sagði fólki til að skýra út trúna — „Trú þín hefur hjálpað þér!“¹² — sýnir að trúin er ekki til sjálfrar sín vegna.

Einn rauði þráðurinn í þessari trú er (3) hin sérstaka *lífsvíska* Jesú. Hún er víska í þeim skilningi að hún er sérstakur boðskapur um lífið, eins og sjá má t.d. í fjallræðu Jesú, og hún er lífsvíska sem fræðir í því skyni að fólk tileinki sér ákveðna aðferð til þess að horfa á eigið líf og vera sjálft til staðar í því og gera það að sínu. Leiðarstefið í framgöngu, ræðu og starfi Jesú — „Ég lifi og þér skuluð/munuð lifa!“ — hefur ekki að tilefnislausu fengið fastan sess í upprisuhátíð sunnudagsins.

Það er yfir allan vafa hafið að líf í trú — skilið eins og áður er lýst — tengist (4) „jákvæðri“ *lífstílfínningu*. Þannig er það ekki eingöngu þegar horft er á dýpt, afleiðingar og heilindi trúarinnar sem lýst er í hinni biblíulegu hefð í tengslum við tilfinningar (t.d. með hliðsjón af tilfinningu gleðinnar, vonarinnar, traustsins og hugrekksins), heldur af því að trúin, sem við getum sótt frelsi og ást í, felst ekki aðeins í fullvissu heldur einnig í ástríðu. Þótt þetta allt sé í sjálfu sér nátengt trúariðkun kristindómsins í lífi mannsins er það ekkert leyndarmál að

¹¹ Þess vegna er það engin tilviljun að þessi tvíþóla brennipunktur leiðir til kenningar Immanúels Kants um hina siðferðislegu kröfu (þ. *moralischer Imperativ*) sem trúarlega reynslu: „Tvennt fyllir hugann með sífellt nýrri og vaxandi undrun og tilbeiðslu þeim mun oftar og lengur sem hugsunin dvelur við það: alstímdur himinninn yfir mér og hin siðferðislega krafa innra með mér“ (Immanuel Kant, *Kritik der Praktischen Vernunft, Werkausgabe*, VII, Frankfurt, 1968, bls. 205).

¹² Sjá t.d. Mt 9.22; Lk 7.50; Lk 8.48.

margt fólk upplifir kristna guðsþjónustu ekki af ástríðu og afþakkar kurteislega að taka þátt í henni; en þetta gerist ekki vegna þess að það hefur eitthvað gegn þessari upplifun eða þykir ekki vænt um lífið heldur vegna þess að það getur ekki fengið þau samskipti sem fara fram í guðsþjónustunni til að tengjast eigin reynslu.

Hvað er það sem þetta fólk „kann“ við lok allra frásagnanna? Það *kann að lifa*. Ekki væri öll sagan sögð með því að segja að því lærðist nú loksins *að trúa*. Þegar þetta fólk fær það staðfest að „trúin hafi hjálpað því“ (sjá að framan), þá er beinlínis verið að vísa til þjónandi hlutverks trúarinnar. Þegar trúin ræður ríkjum er fólkíð ekki lokkað inn í annan heim til hliðar við okkar þar sem allt snýst um að taka þátt í trúariðkunum og ná færni í helgisíðum, og með því að læra að lifa *trúarlífi*, heldur er það hvatt til *lífstrúar*.

Fyrir þetta verður þetta fólk skyndilega óþolinmótt þegar það horfir á reynslu sína og það ófrelsi sem hún ber vitni um, það sér framtíðina aftur fulla af möguleikum, það verður aftur forvitið um eigið líf eins og börnum er eiginlegt. Það leggur hönd á plóginn og horfir ekki um öxl, það leggur á bord — án þess að hafa áhyggjur af því að það nægi ekki og upplifir reynslu þar sem inntakið er sjálfsvirðing.

Mennska mannsins, samkvæmt því sem hér er sett fram, er í hvarfþunkti fagnaðarerindisins. Kristín trú *snýst ekki um sértæka reynslu sem batist við eitthvað annað*, þar sem einstaklingurinn er svo að segja hafinn út fyrir sjálfan sig. Iðkun kristindómsins dregur ekki úr mennsku mannsins heldur hvetur hann, við þær aðstæður sem hann býr við — þær eru með ýmsum hætti — til þess að koma fram á sviðið eins og manneskja.

Það sérstaka við kristindóminn sem trúarbrögð felst ekki hvað síst í greinilegum evangelískum hugmyndum, atferli og forsendum sem leyfa manninum að vera manneskja og gefa honum það svigrúm, sem hann þarfnast, til þess að geta litið á sjálfan sig sem viðfang eigin lífs. Þessi reynsla — það verður aldrei nógu oft sagt — hefur ekkert með það að gera að koma fram eins og gerandi í eigin lífi heldur það að vera með á nóttunum, fús til að lifa, gera ráð fyrir að framtíðin sé björt, opna sig og gefa af sér. Að lifa á forsendum trúarinnar felur einnig í sér að þekkja sín takmörk, kunna að vernda svigrúm sitt og að segja „nei“, kunna að standa við eigið mat, vilja eitthvað ákveðið og/eða lifa eins og „eitthvað ákveðið“ í þessum skilningi. Alls ekki ætti að hvetja menn vegna trúarinnar til að traðka á eigin vilja, líta á mikilvægar óskir og væntingar sem eigingirni eða að líta svo á að harka í eigin garð sem dyggð. Það er eitt af grundvallareinkennum kristinnar trúar að fólk er leitt áfram í eigin lífi vegna mennsku sinnar, ekki maðurinn vegna trúarinnar.

4. Mennskan og það að vera kristinn. Tvíbentar hugsanir 500 árum eftir siðbótina

Það tilheyrir reynslukjarna siðbótarinnar að trúin eigi erindi við manninn, að trúin sé til vegna mannsins og að sá maður sem upplifir sig sem trúaðan þurfi ekki að vera neitt annað en manneskja.

Skilningur siðbótarmanna á „guðsþjónustu“ sem lykilhugtaki í trúariðkun kristindómsins nær yfir allt líf mannsins — rétt eins og við upphaf kristindómsins — guðþjónustan er ekki fyrst og fremst trúariðkunin sem slík heldur snýst hún um hvernig maðurinn umgengst annað fólk, hvernig hann horfir á sjálfan sig, á markmið sín, tilganginn með því sem hann tekur sér fyrir hendur og margt annað í þeim dúr. Það er ekki aðeins í guðfræði Marteins Lúthers heldur einnig í dulhyggju Meister Eckharts, hjá mikilvægum fulltrúum í guðfræði upplýsingarstefnunnar og einnig í einstökum hreyfingum píetismans, sem alls staðar koma

fram áherslur sem beinast markvisst að mennsku mannsins og samræmast upplagi hans sem viðfangs þegar djúpt er kafað.

Þegar maður skoðar, út frá sjónarhorni *mannfræðinnar* með þetta víða guðsþjónustuhugtak í huga, hversu trúarleg samskiptaform í kristindómnum eru fjölbreytt, geta lædst að manni efasemdir: Fyrirnefnd meginregla, að mennska mannsins eigi að eflast við að iðka trúna, verður þeim mun frekar út undan þegar maður nálgast kjarna helgisiðanna í kristindómnum, guðsþjónustuna.

Á sviði *diakoníunnar* hefur virðingin fyrir mannum algjöran forgang, nálgun eigin óska hans, sjálfsákvörðun hans hefur forgang, meira að segja virðing fyrir sérþörfum hans. Þess vegna er það skiljanlegt að díakoníska víddin í trúariðkun kristindómsins undirstriki í margra augum viðvarandi gildi kristindómsins: Hér er lífinu þjónað, yfirborðskennad aðgreining tilvistarspurninganna í andlegt og hversdagslegt er ekki til, maðurinn allur er skilyrðislaust tekinn gildur. Þessi megingildi, sem eru tekin alvarlega, hafa sitt að segja við að gera kristindóminn að trúarbrögðum sem hafa almennt gildi því að manneskjum sem búa við sérþarfir og fötlun er opnuð leið við tiltekin skilyrði til þess að lifa lífi sem stæði þeim að öðrum kosti ekki til boða og öðlast þannig eigið svigrúm.

Síðan skriftir og fyrirgefning voru lögð af og eru ekki lengur megininntak sálgæslunnar, síðan sálgæsla, sem þáttur í kristinni trúariðkun, tók að tengjast viðurkenningu, virðingu og athygli sem beindist að mannum öllum, síðan þeir sem leita ráða fóru að mega líta á sig sem hið eiginlega viðfang sálgæslunnar¹³ og sálgæslusamtalið fór að fara fram í einrúmi, meira að segja í sérherbergi þar sem fólk tjáir eigin vilja sinn¹⁴ — síðan þá er ekki lengur bannað að líta svo á að sálgæsla hafi það hlutverk að ýta undir að manneskjan fái að birtast eins og hún er og að hjálpa henni til þess að horfast í augu við sjálfa sig og aðra. Það sýnir sig til dæmis þar sem höfundar reyna að aðgreina markmið, hlutverk eða aðferð sálgæslunnar frá annarri viðleitni til þess að aðgreina mennsku mannsins.

Undir það heyrja óbreyttar réttlætningar „umbrotsins“ í sálgæsluviðtölum, þær hafa ekki minnkað að gildi. Þar er gengið út frá því að þörfin fyrir sálgæslu stafi fyrst og fremst af guðsglímu mannsins rétt eins og vandamál sem bíða *mannlegra* lausna, hvað þá *eigin* lausna í eigin málum.

Samkvæmt því verða sálusorgarar að vera undir það búnir að líta á „mannlega dómgreind og mannlegt mat og atferli sem af því leiðir“ sem óbrigðult merki um uppreisn gegn vilja Guðs því að menn láti ekki bjóða sér að þeirra eigin sannfæringu séu takmörk sett eða hún vanmetin, þannig er röksemdafærslan. En ekki er vottur af þeirri hugsun að menn séu einmitt að leita að slíkri afmörkun (í skilningi þrennukerfisins sem áður var nefnt [þ. *Triangulierung*]).

Samskiptamynstur sem kemur fram í *prédikuninni* ganga enn greinilegar en sálgæsluhugmyndirnar út frá mannfræðilegum forsendum og þetta mynstur átti í reynd að sýna svart á hvítu hjálpræðiskenningu kristinnar kirkju, þegar þessar hugmyndir voru upphaflega settar fram. Þannig eru t.d. margar samsvaranir milli hugtaksins *incurvatus in se ipsum* [kengboginn inn í sjálfan sig] hjá Lúther og þeirra klisja — sem koma oftast fyrir í fyrsta hluta prédikunarinnar — um „modern“ eða „postmodern manneskju“ sem eigingjarnt, sjálfselskandi, neyslugráðugt, ístöðulaust og samviskulaust fyrirbæri. Hinu og þessu er svo hlaðið á þessa mannsmynd sem fagnaðararindið í öðrum kafla prédikunarinnar á að geta frelsað.

¹³ Sjá Wilhelm Gräß, „Ratsuchende als Subjekte der Seelsorge“, ritstj. Wilfried Engemann, *Handbuch der Seelsorge: Grundlagen und Profile*, Leipzig: Evangelische Verlagsanstalt, 2009, bls. 128–142.

¹⁴ Sjá Wilfried Engemann, *Aneignung der Freiheit*, bls. 42–48.

Það sem á skortir, er að það sem boðið er upp á til að samsama sig við, er fjarri því að vera eftirsóknarvert. Ástæðan er sú að *manneskjur geta hvorki orðið né vilja verða* eins og gert er ráð fyrir: skilningsrík góðmenni eru lítt heillandi kostir fyrir þá sem vilja verða við því sem ætlast er til af þeim hvað mennskuna varðar í prédikuninni.

Guðspjónustulitúrgían, sem kjarninn í helgisiðum kristindómsins, er í mestri hættu á að leiða fólk inn í trúarmenningu þar sem það lendir í undarlegum ógöngum. Það lendir í endalausum vanda frammi fyrir því að velja á milli þess að vera annaðhvort manneskja eða kristinn. Það birtist í syndarhugtakinu, sem er eftir sem áður ríkjandi, þar sem maðurinn stendur sig aldrei í hinu góða sem af honum er vænst (það er svo önnur saga hversu gott þetta „góða“ svo er). Á hverjum sunnudegi er mannum legið á hálsi fyrir að hafa elskað of lítið, sýnt of lítinn skilning, hjálpað öðrum of lítið, hafa of litla þolinmæði og móðgað Guð með þeim hætti að ekkert af þessu hafi verið eitthvað „aðeins meira“ — sú hugsun hlýtur að skjóta upp kollinum. Guðspjónustur geta stundum vakið þá hugsun að þær séu haldnar til þess að Guð og menn geti aldrei haft hlutina á hreinu sín á milli. Burtséð frá því að mottóið „aðeins meira af öllu sem gott er“ kemur syndinni ekki út úr heiminum. Ef svo væri myndu menn ekki vilja, geta eða eiga að fara í gegnum neitt trúarlegt þroskaferli þar sem niðurstaðan væri sú að þeir gerðu ávallt það sem vænst væri af þeim. Þá mættu þeir nefnilega ekki vera menn lengur.

Það að ala stöðugt á slæmri samvisku tengist þessari ásökun vegna mennskunnar og hún hindrar þar að auki að tekist sé í alvöru á við raunverulega sekt og, þá í kjölfarið, iðrunina sem birtingarmynd frelsisins. Með því að maðurinn sé sakaður um skort á ástúð er gert lítið úr því að menn sýna hver öðrum umhyggju á fjölmarga vegu í viku hverri og skuldinni er skellt á að Guð verður fyrir vonbrigðum. Með þessu er alið á sjálfhverfri trúarlegri hugmynd um afköst þar sem þegjandi er gengið út frá því að í síðasta lagi „í næstu viku“ náist „fullnægjandi“ árangur.

Þessar athuganir, sem enn væri hægt að taka fjölmörg dæmi um úr skjölum um kenningar og praxis í hjálparstarfi, sálgæslu, prédikunarfræði og litúrgíu, fela í sér þessar grunsemdir: Sú mannfræði sem liggur til grundvallar á hinum ýmsu sviðum í trúarlegri iðkun kristindómsins — þ.m.t. í samskiptum við annað fólk — er þeim mun grófari sem maður nálgast meira kjarna hinna trúarlegu *helgisiða*. Þar koma innri runur hinnar trúarlegu iðkunar í ljós þar sem trúarskilningur manna sem heildartjáning allra samskipta er settur á oddinn og metinn, þar sem fólk skynjar Guð, annað fólk og sjálft sig.

Til þessarar upptalningar teljast sérstaklega sungnir eða lesnir textar sem eru í eðli sínu skriftir, játning eða bæn þar sem greinilega sjálfstjáningu er að finna, þar sem oft fram kemur „hreín umhugsun mannsins um sjálfan sig“ og oft opinbert mat á eigin lífi, stundum í tengslum við undirbúningsbæn, með *kyrie* eða með kollektubæninni, stundum innan ramma fyrirbænarinnar eða við inngang og túlkun kvöldmáltíðarinnar. Í prédikuninni er einnig reglulega komið að vegamótum þegar lítið er á skilning mannsins á tilverunni í heild, þar sem maðurinn gerir sjálfan sig að umfjöllunarefni og reynir á alveg sérstakan hátt að skilja sjálfan sig, nefnilega á þeim vettvangi þar sem hann skoðar tengslin við sjálfan sig, við aðra og við Guð. Í guðspjónustuþáttunum tengist allt þessu, að maðurinn er sá sem hann er, hann gæti komist úr felum. Hann ætti að ná sambandi við sjálfan sig, aðra og Guð *án þess að láta þá trúarafstöðu sem lýst er í þessum samböndum beygja sig*.

Það tekst hins vegar ekki ef guðspjónustan reynist, þegar upp er staðið, vera í innri togstreitu við sjálfa sig. Einskis annars er krafist, þegar maður er kominn þangað, en að maður

meti eigin vilja lítils og skoði það sem dyggð að valta yfir hann eða í besta falli láta eins og hann sé ekki til.

Sú trúarafstaða sem krafist er í guðsþjónustunni hefur einnig þrúgandi áhrif á manninn þegar sjálfelskan, sem getur verið til góðs, er afskrifuð sem forboðið eiturlyf og sett í sama flokk og eigingirni. Það meinta kristilega, sem er í eðli sínu trúarlýðskrum og gengur fyrir sitt leyti ekki út frá ástinni sem grundvallarþætti í tilvist mannsins, felst alltaf í „þú átt“ — en mannum tekst þó með Guðs hjálp að mæta öðrum í umhyggju — og maðurinn er sendur út á akurinn eins og broddgölturinn í kapphlaupi við hérann, staðan er vonlaus.

Þegar maður ræðir málin á forsendum „incurvatus in se ipsum“ og sér sérstaka möguleika á því að maðurinn geti risið upp í krafti fagnaðarerindisins þegar því er miðlað (ég er sannfærður um að því sé þannig farið), þá ætti maður einnig að hafa þann vanda mannsins í huga sem kom upp við guðsþjónustuna. Ef til vill er sú sjálfsgreining margra samtíma-manna sem hér hefur margoft verið vísað til, þ.e. að þeir séu trúarlega ómúsíkalskir, ekki afleiðing af því að maðurinn hafi fallið frá trúnni heldur af því að trúin sé horfin frá honum af því að hún hafði ekki snertifleti við mennskuna.

Ég ætla ekki að alhæfa um hugmyndina um manninn sem finnst hann þurfa að beygja sig undir helgisiði heldur benda á að vandinn er svo augljós að það virðist rétt að hugleiða „viðbrögð“ við honum. Ætti kjarni helgisiða kristindómsins ekki að mótast af samskiptum við manninn og láta hann verða áberandi eins og gerist í hjálparstarfi, sálgæslunni og prédikuninni — þótt vissulega mætti það vera með öðrum hætti? Þegar fagnaðarerindinu er miðlað snýst málið ekki eingöngu um að hvetja manninn til að gera það sem gott er eða fá hann til að taka breytingum: Í endurbótum Marteins Lúthers á guðsþjónustunni fyrir 500 árum var gengið út frá því að *leyfa mannum að koma fram fyrir Guð án þess að hann þyrfti að hafa slæma samvisku vegna mennsku sinnar*.

Hvernig stendur á því að þessi áætlun verkar ekki sem skyldi? Hvers vegna er það svo erfitt — og þar að auki vanmetið — að túlka guðsþjónustuiðkun kristindómsins þannig að maðurinn nái að skynja eitthvað af breidd og dýpt eigin lífs við guðsþjónustuna? Hvernig stendur á því að maðurinn er sýkt og heilagt, og það einmitt á því sviði þar sem helgisiðirnir eru hvað mikilvægastir í trúarmenningu kristindómsins, hvattur til að beygja sig inn í sjálfan sig, er vaninn af því að elska sjálfan sig, hvattur til að taka þátt í endalausum kapphlaupi eftir umhyggju sem honum hlotnast aldrei og þar sem hann fær ávallt sama dóminn að lokum: „Ófullnægjandi“. Hvers vegna misheppnast það svo oft að uppfæra guðsþjónustuna sem „heiðna“, láta hana sem sagt *ekki* líta út sem tilbeiðslu sem verður að eiga sér stað til þess að koma sambandinu við Guð, þ.e.a.s. guðina, aftur í samt lag?

Meðal margra ástæðna fyrir því sem hér er talið upp eru þrjár þróunarlínur sérstakrar athygli verðar:

Sú brotalína sem greind er sem „heiðin“ í trúariðkun kristindómsins er meðal annars árangurinn af þeirri undirliggjandi þróun í fornu grunnmynstri trúarbragðanna að aga manninn og skylda hann til þátttöku í helgihaldi.

Kristindómurinn á það einnig á hættu að verða sjálfstæður og fara að þjóna sjálfum sér, eins og á við um öll tjáningarform trúariðkunarinnar. Þetta gerist við stofnanavæðingu, t.d. þegar kirkjan fer að stjórna þessari iðkun. Þetta hefur m.a. gerst þegar menn hafa ekki lengur áttað sig á því að guðsþjónustan er öðru fremur mannsins vegna, vegna þeirra sem eru viðstaddir hana.

Hinar mannfræðilegu forsendur slíkrar iðkunar eru raktar til sögulegrar þróunar í samskiptaformum guðsþjónustunnar. Þegar fullyrðingar um hjálpræðið og formúlur í

helgihaldinu urðu alls ráðandi á þessum vettvangi leiddi það til þess að hinar flóknu aðgerðir guðsþjónustunnar fóru eingöngu að snúast um miðlun hjálpræðisins. Af því leiddi að maðurinn varð eingöngu áhugaverður þegar hann er í kreppu, sem þá er fyrir sitt leyti litið á sem afleiðingu syndarinnar. Fyrir mannfræði guðsþjónustunnar er maðurinn af þeim ástæðum eingöngu áhugaverður af því að hann er í þörf fyrir endurlausn og er aðeins í þörf fyrir trú vegna syndar sinnar.

En á kirkjubekkjunum sitja hins vegar einnig manneskjur sem þekkja vel endurlausn frá synd, dauða og djöfli, og finna ekki aðeins líkamlega eða sálarlega verki sem hægt væri að lina eða hugga. Þetta er fólk, sem þar að auki er gjarnan til staðar fyrir náunga sinn og hikar ekki þegar það er beðið um að fórna einhverju — fólk sem samt þarf að standast ævintýrið að lifa ekki fyrirfram ákveðnu lífi undir fyrirframgefnum skilyrðum. Hvað hefur það fram að færa andspænis kröfunni um að það sé kristið?

5. Að vera manneskja í ljósi kristinnar trúariðkunar

Þeir sem starfs síns vegna fást við að móta trúariðkun kristindómsins geta lagað sig að spurningunni um fyrirmynd, fræðandi hlutverk eða þess hvar í heiminum þeir eru að fjalla um kristna mennsku, en eiga þá á hættu að vera sakaðir um guðlast, í það minnsta þegar þeir ganga lengra en það sem litið hefur verið á sem sjálfsskilning í mótmælendatrúnni, þ.e.a.s. lengra en *simul justus et peccator* [þ.e.: í senn réttlátur og syndari], sem maðurinn sem veit sig hvort tveggja í senn, syndugan og náðaðan. Þegar röksemdirnar sem þessum staðhæfingum fylgja eru dregnar fram (eins og hrokafull sjálfshyggja, fölsk verkaréttlætning eða óhlýðni mannsins) eru í það minnsta annars flokks mannfræðilegir fletir til að skilgreina maðurinn dregnar fram. Þeir eru annars flokks mannfræðilegir vegna þess að þeir eru fyrst og fremst byggðir á hjálpræðis- og náðarkenningunni — eins og greina má af höfnun á frelsi viljans í lúthersku.

Hin guðfræðilega skilgreining á manninum sem *simul justus et peccator*, honum er komið fyrir mitt á milli syndafræði og hjálpræðiskenninga, nær hins vegar skammt til þess að ákvarða hvernig þessi manneskja — sem nýtir sér frelsi sitt — getur *lifað* á ábyrgan hátt lífi sem sé á hennar eigin ábyrgð. Þegar þessu er þannig háttað er maðurinn yfirleitt grunaður um að ögra vilja Guðs eða þá hann er skilinn sem helgun mannsins og hann er jafnframt varaður við að ganga lögmálinu á hönd og ætla sér að ávinna sér umhyggju Guðs fyrir gott lífverni — eða þá að falla fyrir algjöru sjálfðæmi, þ.e.a.s. að lifa hvorki í náðinni né vænta sér neins af því að uppfylla lögmálið. Þegar á heildina er litið fær maður það á tilfinninguna að persónuleiki mannsins dugi einfaldlega ekki til þess að taka að sér alvörulutverk í „samhangandi siðferðislegri heildarsýn lífsins.“¹⁵

Þetta er ófullnægjandi af tveimur ástæðum: í fyrsta lagi vegna þess að guðfræðin verður að spyrja um maðurinn þegar ekki er um að ræða frelsun frá synd, dauða og djöfli, og í öðru lagi vegna þess að þegar trúin er takmörkuð við hjálpræðið hvað allt varðar — og þar á maðurinn engan hlut að máli — leiðir til þess að trúin er í reynd smækkuð niður í það að snúast um hjálpræðisfullvissuna eina. Sú hjálpræðisvissa sem af því leiðir er þá smækkuð niður í það að óskynsamlegar hugmyndir þrengja sér inn á sviðið sem þá er ákveðið „að líta á sem mögulegt og satt“ þegar um trúarlegar staðreyndir er að ræða og það gerist án aðkomu mannsins og án þess að hann eigi það skilið. Þetta tengist oft ræðumynstri í prédíkunum

¹⁵ Ernst Troeltsch í umfjöllun um G. Hoennicke, „Studien zur altprotestantischen Ethik“, *GG4*, 8/1902, bls. 577–583, hér 581.

sem er þá eitthvað í þessa veru: „Þannig er þetta. Þú verður bara að trúá. Þá fellur þér hjálpræðið í skaut“ — hvernig sem menn skilja það svo.

Sjálfskilningur mótmælenda ætti þvert á móti að tengjast innsæi inn í veruleika mannsins sem (einnig) er áunninn handan guðfræðilegra fræðigreina og hins ranga, þ.e.a.s. takmarkaða, skilnings Darvins.¹⁶ Í darvinskri mannfræði, sem menn hafa gjarnan vitnað til þegar trúariðkunin hefur verið til umræðu, er eftirfarandi gjarnan haldið fram í stuttu máli: Maðurinn er eigingjörn vera og í eðli sínu, eins og kunnugt er, sjálfhverfur. Hann er af sjálfum sér ekki hæfur til neinna samskipta. Hann er öðru fremur og að öllu leyti stemmdur inn á að komast sjálfur áfram. Það veitir honum gleði að sigrast á öðrum. Forsendur hans eru þess vegna fjandsamlegar.

Á okkar tímum hefur fræðasamfélagið í líffræði og læknisfræði endurskoðað í mikilvægum atriðum skilning Darvins, hvað varðar hvata mannsins, og sett hann fram í sögulegu samhengi. Nú líta menn svo á að Darwin hafi yfirfært hagfræðileg hugtök eins og „samkeppni“ og „baráttuna um að lifa af“ óbreytt yfir í mannfræðilegt samhengi.¹⁷ Gegen þessu hafa menn t.d. teflt fram athugunum á því hvernig og hvers vegna maðurinn hneigist til samvinnu með öðrum og við hvaða skilyrði fólk upplifir frelsi.

Margt hefur komið fram í þessu samhengi sem hjálpar til við að skilja hvað gerist í mannfærðilegum skilningi þegar maðurinn — skv. mottóinu „trúin hefur hjálpað þér“ — upplifir kristindóminn sem mikilvæga uppsprettu í lífi sínu þar sem ekki er lítið til hjálpræðisvissunnar einnar og sér. Þar lifa manneskjur, sem eru frjálsar, í samræmi við eigin vilja, lifa sem sagt eigin lífi. Þetta fólk helgar kraftinn í trú sinni ekki athöfnum sem það telur rangar og hafa óæskilegar afleiðingar í för með sér að þess mati. Þetta er fólk sem trúir frekar með ástríðufullri lífstilfinningu heldur en með sífelldum frelsunartilburðum — eða með því að þrá þau endalok sem felast í lamandi hjálpræðisvissu.

Þessari mjög svo ófullkomnu lýsingu á persónuleika mótmælendans fylgir einnig það hvernig maðurinn lítur á það sem fylgir í kjölfarið og kemur ekki aðeins fram í harðneskjulegri afstöðu til sjálfs sín heldur jafnframt í því að manneskjan leitar inn á svið sjálfselskunnar, eins og form hjálpræðisins má einnig nefna, svo að fátt eitt sé nefnt. Þessi fastmótaði svipur á því, sem kalla mætti mótaða kristna lífsleikni í kristinni trúarmenningu, býður upp á snertifleti við nútímalega mannfræði þar sem guðfræðileg mannfræði fær nýja hvata og sem hún tekur þá einnig til umfjöllunar.

1. Frelsi og ást eru frumþættir í tilvist mannsins sem hann fær ekki aðgang að eingöngu vegna trúarinnar heldur einnig fyrir reynslu, tilfinningar og áunna löngun. Samt byggist lífsþjónandi þáttur kristinnar trúariðkunar að verulegu leyti á því, hvort *trúnni sjálfri sem umgjörð til þess að tileinka sér og frelsi og miðla því áfram og til þess að taka við og veita ást og umbyggju* er miðlað á trúverðugan hátt.
2. Þar eð það að geta trúað er í eðli sínu tengt þeirri reynslu sem maðurinn hefur af frelsi og ást, og er að því leyti tengt „stórum“ tilfinningum, hlýtur *tilfinningaleg vídd trúarinnar* að koma til skoðunar. Trúna getur maðurinn aðeins tileinkað sér þegar hann er tilfinningalega opinn en ekki aðeins háður þess konar trú sem einblínir á endanlega trúarfúllvissu. Þegar trúnni er miðlað snýst málið því einnig um það að líta á tilfinningar eins og eftirvæntingu, forvitni, hugrekki, þakklæti, gleði eða ábyrgð sem tjáningarform trúarinnar. Trúin birtist sem sagt í lífstilfinningu mannsins. Lífstilfinningin, í þeim skilningi að hún sé heildarmynd sem maðurinn skynjar með tilfinningum

¹⁶ Sjá Joachim Bauer, *Prinzip Menschlichkeit: Warum wir von Natur aus kooperieren*, Hamburg: Heyne Verlag, 2006, bls. 95–132.

¹⁷ Sjá Joachim Bauer, *Prinzip Menschlichkeit*, bls. 18 o.á.

- sínum, þar sem reynsla einstaklingsins af heiminum, með sjálfum sér og öðrum, sameinast í eins konar tilfinningalegt heildarmat, það er ekki vegna trúariðkunarinnar sem þetta gerist heldur hefur hún þar áhrif.
3. Það verkar ekki aðeins jákvætt á lífstífinningu mannsins að miðla trúnni, heldur verkar trúin þá aðeins jákvætt á lífstífinningu tiltekinnar manneskju þegar manneskjan teflir ekki hinni mannfræðilegu kategóriu „innra samræmis“¹⁸ gegn trúarkunnáttunni. Með „innra samræmi“ er átt við það samhengi sem leiðir af samræmi milli óska mannsins, ákvarðana hans og vilja annars vegar en breytni hans og þá einnig því sem hann hafnar hins vegar. Þar er reynslugrunnur sem gerir manninum kleift að vera heilsteypur í því sem hann framkvæmir og framkvæmir ekki og vera heill gagnvart öðrum, frammi fyrir Guði og heiminum.
 4. Í trúarlegri iðkun kristindómsins verður þessi reynsla vandamál, þegar litið er á þættina sem mynda þessa samræmdu heild sem móðgun við vilja Guðs, svo sem óhlýðni og sjálfelska. Sérstaklega á þetta við um eigin vilja mannsins sem ber uppi sjálf hans. Loks tengist þetta því beint hversu víðtækt þetta samræmi er, þ.e.a.s. hversu víðtækt frelsið er. Það er mótsögn í því að hvetja fólk í trúariðkun til þess að þróa sinnuleysi um eigin vilja og samtímis hvetja til þess að gefa sig að fullu að trúariðkuninni. Hins vegar hefur sú reynsla af frelsi sem grundvallast á „innra samræmi“ grundvallarþýðingu til þess að *upplifa sjálfan sig hér og nú*.
 5. Unnt er að greina vandamál, sem tengjast *náð sambengi trúar og sjálfelsku*, alla leið inn í guðspjónustumeningu samtímans. Í því efni væri mikilvægt að leiða hugann að sambandi mannsins við sjálfan sig út frá gagnrýnu, sektarmedvitun sjálfsmati til dýpri skilnings á litúrgískum formum og þá um leið til eindreginnar og jákvæðrar afstöðu og vináttu við sjálfan sig. Í því samhengi fær hið klassíska hugtak „helgun“ nýtt gildi því að „helgun“ felur ótvírætt í sér virðingu fyrir eigin lífi.¹⁹
 6. Spurningin um það, hvernig samband Guðs og manns er hugsað andspænis sýnilegu gildi þríþættrar guðshugmyndar í trúarbrögðunum, tilheyrir einnig guðfræðilegri mannfræði. Trúariðkun kristindómsins birtist að því leyti oft þannig að maðurinn snýr sér sem einstaklingur til Guðs, enda er hann eindregið hvattur til þess í prédíkunum, bænum o.s.frv. Við það skapast sú ranghugmynd að maðurinn geti þá fyrst, þegar hann iðkar eitthvað trúarlegt, áunnið sér samband við Guð sem hann hefði annars ekki. Í staðinn ætti að miðla til mannsins með boðun fagnaðarerindisins að það sem hentar honum í eigin guðssambandi ætti einnig að birtast í því að lifa lífi sínu sem sjálfstæð manneskja úti í lífinu.
 7. Við byrjunum með því að ganga út frá ákveðnum ferlum, sem koma í ljós þegar við förum að lifa lífinu og verðum þá einnig sjálf undrandi á því ferli sem fer í gang, það er það fyrsta. Það skiptir miklu máli í þessu samhengi hvernig við skiljum hvað það er að vera trúður í kristnum skilningi og að það kemur okkur sífellt á óvart hver við erum. Sú forvitni um sjálf okkur sem af þessu sprettur og forvitnin um eigið líf er ef

¹⁸ Sjá Wilfried Engemann, „Das Lebensgefühl im Blickpunkt der Seelsorge: Zum seelsorglichen Umgang mit Emotionen“, *Wz* 61/2009, bls. 271–286, hér 278–281.

¹⁹ Þetta felur svo í sér kröfu um að lifa í trú, þess vegna er hugtakið „helgun“ að mínum dómi viðeigandi hugtak fyrir „lífsleikni“. Í trúarlegri iðkun kristindómsins er þetta hugtak samt til orðið á allt annan hátt en um er fjallað í þessu erindi. Kirkjuleg umfjöllun um þetta efni og bænatextar, þar sem það kemur fyrir, eru hvað þetta varðar að öllu leyti til komin út frá því hvernig litið var á helgun sem *oboedientia activa*, þ.e.a.s. sem helgun í formi virkrar hlýðni, í píetismanum á nýöld. Engu að síður er talsvert um þetta deilt. Sjá um þetta efni andmæli við grein eftir Ron Kubsch, „Vom Segen der Selbstvergessenheit“, sótt 18.6.2014 af <http://www.theoblog.de/vom-segen-der-selbstvergessenheit/17950>.

til vill einn mikilvægasti þáttur í þeirri mannfræði sem verður að ná athygli okkar í trúarlegri iðkun kristindómsins.